



Skýrsla stjórnar Sjúkraliða með sérnám

Aðalfundur 2017 var haldinn 20.11.17 og voru tvær nýjar kosnar í stjórn, þær Guðmunda Steingrímsdóttir og Kristín Guðmundsdóttir, og erum við fimm í stjórn, Jakobína Rut Daníelsdóttir, Hulda Birna Frímannsdóttir og ég, Þórdís S Hannesdóttir.

Fyrsta verkefni stjórnar var að undirbúa og taka á móti útskriftarnemum í salinn. Þetta var síðasti hópurinn sem útskrifast núna í bili og var tekið á móti þeim, og kennurum og nokkrum gestum úr ráðuneytum, með fínunum veitingum og áttum við notalega stund saman

- 1) Þann 26.04.2018 var haldin ráðstefna um hvort væri stefna í öldrunarmálum og var hún haldin á Hótel Natura. Aðsókn var ágæt. Sjúkraliðar komu að þessari ráðstefnu og skrifaði og birti Jóna Jóhanna Sveinsdóttir á dagblöðin grein um hvort þörf væri fyrir sértæka geðdeild fyrir geðfatlaða aldraða, einnig fjallaði Guðmunda Steingrímsdóttir, sjúkraliði með sérnám, ásamt Margréti Guðnadóttur, hjúkrunafræðingi, um kosti og galla þess fyrir aldraða að vera heima sem lengst. Ráðstefna gekk mjög vel og komu margir að sem gátu frætt og lagt til málanna varðandi þetta brýna mál. Var þetta rós í hnappagatið fyrir okkur sjúkraliða því við erum ansi góðar og getum lagt ýmislegt af mörkum.
- 2) Þann 13. maí var blásið til vorferðar við vorum 13 sem fórum og áttum skemmtilega samveru við lögðum af stað kl 13:00 frá Mjóddinni og var förinni heitið í Borgarfjörðinn. Fyrsta stopp var í Brákarhlíð en þar var vel tekið á móti okkur og okkur sýnt allt húsnæðið. Búið er að stækka og breyta húsinu á síðustu árum. Síðan var haldið til jarðarberjabóndans Einars á Sólbyrgi en þar fórum við í gróðurhús með jarðaberjum og gátum við líka verslað kryddjurtir. Næst var svo farið í Steðja og var það Dagbjartur sem tók á móti okkur og fengum við að smakka allskyns bjóra og kaupa okkur nesti. Síðasti viðkomustaður var Krauma og borðaður fínan mat og skoðuðum umhverfið í kring. Komum við heim klukkan 22:00.

Mánudagur 19.11.18 salnum

Grensásvegi,

Þórdís S. Hannesdóttir, formaður stjórnar.